

Mál nr. 379/2011

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Vinnuslys 30.04. 2010, ágreiningur um orsakatengsl.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 09.09. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.09. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M varð fyrir vinnuslysi sem rekja má til bilunar í vélasamstæðu í virkjun sbr. fyrirliggjandi gögn. M mun ásamt fleirum hafa staðið upp á vinnupalli þegar brennisteinsvetni byrjaði að streyma út þar sem röratenging hafði verið rofin. M mun ásamt samstarfsmanni sínum hafa forðað sér niður af pallinum. Þeir misstu meðvitund og féllu á ristargólf við enda stiga. Þar lentu þeir á heitum gufurörum og hlutu af þeim sökum brunasár. Sá starfsmaður sem eftir var á pallinum forðaði sér eftir annarri leið og hafði samband við Neyðarlínuna og hóf í kjölfarið björgunarstörf.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið ítrekar þá afstöðu sína að sá “hluti af tjóni M sem er ekki að rekja til þess að hann lá utan í hinum heitu og óeingangruðu gufurörum verði ekki rakinn til saknæmrar og ólögðmætrar háttsemi vátryggingartaka eða starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á.”

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber vátryggingartaki skaðabótaábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir í umrætt sinn. Ekki er unnt að miða bótaskyldu einungis við það tjón sem hann varð fyrir við að liggja utan í gufuröri sem um ræðir, líkt og vátryggingafélagið heldur fram. M á rétt á því að fá tjón sitt bætt sem rekja má til þess tjónsaburðar sem getið hefur verið.

Með ofanrituðu er engin afstaða tekin til umfangs þess tjóns sem M varð fyrir.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 25. október 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.